

Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 9
400 Ísafirði

Reykjavík, 27. október 2020

BEIÐNI UM SJÓPRÓF

- Gerðarbeiðendur:** Félag skipstjórnarmanna, kt. 680104-2550, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík. Fyrirsvarsmaður er Árni Bjarnason, formaður.
- Sjómannafélag Íslands, kt. 570269-1359, Skipholti 50d, 105 Reykjavík. Fyrirsvarsmaður er Bergur Þorkelsson, formaður.
- Sjómannasamband Íslands, kt. 570269-2249, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík. Fyrirsvarsmaður er Valmundur Valmundsson, formaður.
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga, kt. 650102-3470, Hafnarstræti 9, 400 Ísafirði. Fyrirsvarsmaður er Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður, og
- VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna, kt. 530169-5299, Stórhöfða 25, 110 Reykjavík. Fyrirsvarsmaður Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður.
- Gerðarþolar:** Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf., kt. 630169-2249, Hnífsdalsbryggju, 410 Hnífsdal.
- Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri, kt. 090157-5669, Hafraholti 48, 400 Ísafirði.
- Sveinn Geir Arnarsson, skipstjóri, kt. 261276-3059, Árholti 5, 400 Ísafirði.
- Valdimar Steinþórsson, útgerðarstjóri, kt. 310166-4809, Skipagötu 6, 400 Ísafirði.

Málavextir og röksemdir.


Gerðarbeiðendur eru stéttarfélag skipverja á togaranum Júlíusi Geirmundssyni ÍS-270 og koma fram fyrir hönd þeirra. Júlíus Geirmundsson ÍS-270, skipaskrárnúmer 1977 er gerður út af gerðarþola Hraðfrystihúsinu–Gunnvöru hf., aðrir gerðarþolar eru Einar Valur framkvæmdastjóri útgerðarinnar, Valdimar útgerðarstjóri og Sveinn Geir, skipstjóri.

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS-270, sem er í eigu og útgerð gerðarpóla Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf., hélt til fiskveiða 23. september og kom til hafnar á Ísafirði 20. október síðastliðinn og reyndust þá 22 af 25 skipverjum vera smitaðir Covid-19. Fyrir liggur að strax fyrstu daga veiðiferðarinnar hafi skipverjar byrjað að veikjast og sýnt einkenni af Covid-19. Engu að síður hafi skipstjóri og útgerð ekki brugðist á neinn hátt við þessu ástandi, þegar skipverjar veiktust hver á fætur öðrum. Þegar útgerð og skipstjóra mátti fullljóst vera hvernig í pottinn var búið og þrátt fyrir veikindi skipverja var engu að síður afráðið að halda veiðum áfram og virða að vettugi þau tilmæli umdæmislæknis sóttvarna á Vestfjörðum að togaranum yrði snúið til hafnar. Með þessari háttsemi stefndu gerðarpólar heilsu og jafnvel lífi skipverja í verulega hættu og virtu alfarið að vettugi þær skyldur og lagaboð sem á þeim hvíldu. Ekki er fyrirséð í dag hversu lengi skipverjarnir verða að jafna sig á veikindum sínum eða hvort þeir muni yfir höfuð allir jafna sig að fullu.

Með framangreindum ákvörðunum og aðgerðarleysi gerðarpóla var brotið gróflega gegn áhöfn skipsins, að því er virðist gegn ákvæðum 33. og 34. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, 1. mgr. 175. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985, ákvæðum sóttvarnarlaga nr. 19/1997 og þeim reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum.

Með vísan til alls framangreinds og ákvæða XIII. kafla siglingalaga nr. 34/1985, er þess óskað að Héraðsdómur Vestfjarða hlutist til um að haldin verði sjópróf, svo upplýsa megi m.a. um heilsufar skipverja í upphafi veiðiferðar og ástæður þess að skipinu var haldið áfram á veiðum þrátt fyrir mikil og í sumum tilvikum alvarleg veikindi skipverja, sem höfðu einkenni Covid-19 smits, í yfirstandandi heimsfaraldri. Einnig til að sýna fram á samskipti gerðarpóla við yfirvöld og skipverja eftir að skipverjar byrjuðu að veikjast í upphafi veiðiferðarinnar og önnur atvik og samskipti gerðarpóla og annarra aðila vegna málsins, sem haft geta áhrif við mat á refsíabyrgð og bótaskyldu gerðarpóla.

Meðfylgjandi beiðni þessari eru lögskráningarvottorð Júlíusar Geirmundssonar ÍS-270, sem er yfirlit um þá skipverja sem lögskráðir voru um borð í skipið umrædda veiðiferð. Með vísan til 226. gr. siglingalaga munu gerðarbeiðendur kalla eftir öðrum þeim gögnum frá gerðarpólum, sem í ákvæðinu er vísað til og senda til dómsins.

f.h. gerðarbeiðenda,

Jónas Þór Jónasson, lögmaður